

Vetrarþjónustan ehf.
Ennisbraut
356 Ólafsvík

Reykjavík, 27. mars 2023
UST202302-439/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir starfsemi innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Vetrarþjónustunar ehf., dagsett 27. febrúar 2023, um leyfi til starfsemi innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 935/2021. Samkvæmt 15. gr. auglýsingarinnar er öll starfsemi sem krefst aðstöðu innan þjóðgarðsins háð leyfi og eftirliti Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til starfsemi innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Fyrirtækið býður upp á ferðir upp á topp Snæfellsjökuls á ársgrundvelli. Á jöklinum er boðið upp á eina til tvær ferðir á dag yfir vetrartímamann (nóvember til apríl). Hámarksfjöldi farþega er um 40 manns í hverri ferð. Yfir sumarmánuðina er boðið upp á allt að 4 ferðir á dag með að hámarki 28 manns í hverri ferð. Tækjafloki fyrirtækisins samanstendur af einum snjótroðara og sprinter sem mun keyra farþega að jökulrótum þar sem skipt er yfir í snjótroðaran.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið hafa takmörkuð áhrif á verndargildi svæðisins. Stofnunin telur að ummerki eftir starfseminni séu afturkræf en aðrir gestir þjóðgarðsins geta orðið fyrir truflunum. Umhverfisstofnun metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar sé skilyrðum leyfisins fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vetrarþjónustunni ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir starfsemi innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sbr. lýsingu hér að ofan í tvö ár frá dagsetningu bréfsins að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för í ferðunum og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu og umgengisreglur þjóðgarðsins.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, tímasetningu ferða og ef starfseminni er hætt.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um þjóðgarðinn.
- Einungis skal aka snjótroðurum stystu leið frá jökulrótum að áfangastað á jöklinum, stöðva vélar ökutækja á skipti- og áfangastöðum og aka með gát í grennd við göngufólk og aðra gesti þjóðgarðsins. Forðast skal að þenja vélar. Hraðakstur er óheimill í nágrenni við göngufólk.

- Troðarinn skal halda sig við sömu leið í öllum ferðum nema aðstæður á jöklinum breytist og forðast ber óparfa slóðamyndun og rask. Ekki skal ýta til snjó nema öryggi krefjist þess og þá í óverulegu magni.
- Fara skal eftir lögum um akstur utan vega og er allur akstur utan vega utan jökuls óheimill nema á frosinni og snævi þakinni jörð.
- Ekki skal aka að jöklinum nema á skilgreindum slóða sé hann til staðar ef jörð er ófrosin og snjólaus.
- Vandað verði við frágang eftir ferðir.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn. Berist olía eða glussi í snjó skal hann fjarlægður af jöklinum samstundis og tekin með til byggða.
- Starfsmenn fyrirtækisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Fyrirtækið skal vera með öryggisáætlun.
- Í lok hvers árs skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar með yfirliti um störf fyrirtækisins innan þjóðgarðsins s.s. fjöldi ferðamanna, fjöldi ferða og annað er varðar starfsemina innan garðsins.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með starfsemi fyrirtækisins innan marka þjóðgarðsins. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson
Þjóðgarðsvörður